

Stefna Lífsverks um samfélagslega ábyrgð

nóvember 2017

Með samfélagslegri ábyrgð er átt við að sýna áhuga á og vera virk í að auka velferð samfélags í heild sinni. Fyrir fyrirtæki felst samfélagsleg ábyrgð í að setja sér önnur markmið en einungis þau sem hámarka fjárhagslegan ávinning.

Lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða fjalla um umgjörð lífeyrissjóða á Íslandi og hvernig þeir skuli haga fjárfestingum. Í 36. gr. þessara laga er fjallað um að hver lífeyrissjóður skuli setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

Í þessari stefnu setur Lífsverk sér samfélagsleg markmið við daglegan rekstur og í fjárfestingum í samræmi við lög og umfram lagalegar skyldur sínar. Markmið Lífsverks er að vera í fararbroddi lífeyrissjóða á Íslandi þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð.

Markmið með ábyrgum fjárfestingum

Markmið Lífsverks er að taka á móti lífeyrisiðgjöldum, ávaxta þau á ábyrgan hátt og stuðla þannig að lífsgæðum sjóðfélaga við töku lífeyris. Það er í höndum stjórnar Lífsverks að leggja árlega fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir hvernig sjóðurinn hyggst ná þessu markmiði, bæði með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Samhliða fjárfestingarstefnunni setur stjórn fram stefnu um samfélagslega ábyrgð. Það er mat stjórnar að fjárhagsleg og samfélagsleg markmið fari saman og þau stuðli í sameiningu að bættum hag sjóðfélaga.

Tilgangur Lífsverks er að ávaxta lífeyri og þar af leiðandi eru fjárfestingar stór hluti af starfsemi sjóðsins. Markmið sjóðsins er að sýna ábyrgð í fjárfestingum. Til marks um þá ábyrgð er Lífsverk aðili að PRI, sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar. Þar með hefur Lífsverk skuldbundið sig til þess að fylgja þeim sex meginreglum sem settar eru fram af PRI um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og eftirlit með þeim. Lífsverk er einnig meðal stofnaðila IcelandSIF, sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Grunngildi Lífsverks í samfélagslega ábyrgum fjárfestingum eru;

- a) að fjárfesta ekki í framleiðendum hergagna,
- b) að fjárfesta ekki í framleiðendum tóbaks,
- c) að fjárfesta ekki í rekstri þar sem grundvallarmannréttindi, svo sem þrælkun, eru ekki virt og
- d) að fjárfesta ekki í starfsemi sem er óumhverfisvæn og hefur meiriháttar og/eða óafturkræf áhrif á náttúruna.

Við skoðun nýrra fjárfestingakosta Lífsverks skal óskað eftir stefnu viðkomandi í samfélagslegri ábyrgð. Sé viðkomandi ekki með slíka stefnu og/eða fjárfestingin fer gegn grunngildum Lífsverks, tekur Lífsverk ekki þátt í fjárfestingunni. Sé viðkomandi með stefnu í samfélagslegri ábyrgð sem samræmist grunngildum Lífsverks að lágmarki, er tekið tillit til hennar í ákvörðun starfsmanna Lífsverks um að taka þátt í fjárfestingunni. Við ákvörðunartöku skal almennt miða við að hlutfall sjálfbærra og samfélagslega ábygrra fjárfestinga af nýjum fjárfestingum sjóðsins fari vaxandi.

Lífsverk er vakandi yfir samfélagslegri ábyrgð núverandi eigna í safni og vaktar eignasafn í samræmi við meginreglur PRI. Ef um er að ræða beinar fjárfestingar munu starfsmenn Lífsverks flokka eignir eftir

Því hvort þær samræmist grunngildum Lífsverks eða ekki. Þær fjárfestingar sem ekki gera það eru teknar til sérstakrar skoðunar með því markmiði að skipta þeim út úr eignasafni fyrir eignir sem hafa sambærilega eiginleika en ákjósanlegri stefnu hvað varðar samfélagslega ábyrgð. Starfsmenn Lífsverks munu upplýsa stýringaraðila um stefnu Lífsverks og óska eftir upplýsingum um undirliggjandi eignir. Ef fjárfestingar samræmast ekki gildum Lífsverks mun Lífsverk beita sér fyrir úrbótum á þeim sviðum sem við á. Ef ekki er hægt að koma því við mun sala á viðkomandi fjárfestingu koma til skoðunar.

Lífsverk mun leitast við að taka í auknum mæli þátt í fjárfestingum sem hafa sterka stefnu í samfélagslegri ábyrgð.

Markmið Lífsverks er einnig að stuðla að bættum stjórnarháttum og auka gegnsæi. Stjórn Lífsverks hefur mótað hluthafastefnu sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins.

Markmið um ábyrgð í rekstri og umhverfi

Markmið Lífsverks inn á við varða rekstur sjóðsins, starfsmannstefnu og nánasta umhverfis hans.

Lífsverk leggur áherslu á að vera umhverfisvænn í rekstri sjóðsins. Rusl á vinnustað er flokkað og því fargað á umhverfisvænan hátt. Pappír er afþakkaður í póstsendingum þar sem það er í boði og ársreikningur Lífsverks er birtur á rafrænu formi á vefsvæði sjóðsins. Lífsverk afþakkar efni á pappírformi fyrir kynningarfundum og er mótaðilum bent á að koma með kynningar á rafrænu formi.

Markmið Lífsverks er að lágmarka sóun á vinnustað og hvetja starfsfólk til að láta gott af sér leiða til samfélagsins.

Stjórn Lífsverks mun árlega fara yfir stefnu um samfélagslega ábyrgð og taka hana til endurskoðunar. Framkvæmdastjóri sér til þess að starfsfólk Lífsverks sé upplýst um stefnuna og geti tileinkað sér hana við dagleg störf.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Lífsverks 23. nóvember 2017